# Aðgerðir umhverfisyfirvalda gegn utanvegaakstri

Sesselja Bjarnadóttir



**Lög um náttúruvernd frá árinu 1999:**

*“ Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Þó er heimilt að aka slíkum tækjum á jöklum, svo og á snjó utan vega utan þéttbýlis svo fremi sem jörð er snævi þakin og frosin,,*

**Reglugerð 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.**

*“Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands,,*

*Viðurlög “Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum,,*









## Hvers vegna er þetta vandamál þrátt fyrir gildandi lög og reglugerðir þar sem segir að brot á þeim varði allt að tveggja ára fangelsi?

- Í ákærum vegna utanvegaaksturs hefur reynst erfitt að ná fram sakfellingu – sönnun á slíkun brotum reynst erfið.
- Virðingarleysi fyrir náttúrunni.
- Hugsunar- og þekkingarleysi.
- Eftirlitið er erfitt – langt í næstu lögreglustöð frá Fjallabaki.





**Hvað geta yfirvöld umhverfismála gert og hvað erum þau að gera?**

Skýrt lagarammann.

Reynt að hafa áhrif á vitund almennings um náttúruna og umhverfið.

Bætt eftirlit og kortlagt betur vandamálið.

Aukið upplýsingamiðlun – skilti, stikur ofl.



**Aðgerðaráætlun gegn utanvegarakstri**

- Markmiðið er að ráðuneyti og stofnanir stilli saman strengi og allir séu að vinna að sama markmiði
- Kemur til framkvæmda á þremur árum – hrint í framkvæmd í vor
- Reynum að hafa áhrif fyrir utan valdsvið ráðuneytisins
- Verkefnisstjórn hittist reglulega og fer yfir framgang áætlunar

# Skýr lagarammi - Hvar má aka og hvar ekki

- Nefnd ráðuneytisins vinnur ásamt sveitarfélögunum  að flokkun vega (slóða) innan miðhálendislínunnar.

- Átak í mælingum- lokið

- Lagt upp með náttúruvernd, aðgengi að náttúrunni og samvinnu að leiðarljósi.

- Samvinnan við sveitarfélögin gekk mjög vel. Búið að funda með öllum sveitarfélögum - allir mjög jákvæðir. Beðið er tillagna frá sveitarfélögunum.



## Áhrif á umhverfisvitund með fræðslu og upplýsingamiðlun




- Sett hafa verið upp skilti til fræðslu um skaða á náttúrunni vegna utanvegaaksturs.
- Gefnir hafa verið út bæklingar.
- Félagasamtök hafa fengið styrki til að vinna að málefninu.
- Ráðuneytið kom á laggirnar samráðs- og fræðsluhópi með stórum hópi hagsmunaðila.
- Auglýsingar í blöð og útvarpi

# Aukið eftirlit og kortlagning vandans

•Lögreglan fer með eftirlit með lögunum og ráðuneytið sinnir ekki beinu eftirliti - Umhverfisstofnun sinnir eftirliti á friðlýstum svæðum, þjóðgarðsverðir í Vatnajökulsþjóðgarði.

•Aukið samstarf við lögregluna – lögreglan á Suðurnesjum er hluti af aðgerðarteymi sem stofnað var sérstaklega vegna utanvegaakstursvandamála innan Reykjanesfólkvangs.

•Landverðir og þjóðgarðsverðir skrá niður tilvik og umfang atvika - tilkynnt til lögreglu.

## Lokamarkmiðið er að utanvegaakstur heyri sögunni til

•Almenn sátt ríki meðal allra helstu aðila sem koma að náttúruvernd og útivist um reglur í náttúru Íslands.

•Lög og reglur verði skýr og þeim verði fylgt fast eftir.

•Aðgengileg kort yfir leyfilega akstursslóða.

•Gott eftirlit verði með utanvegaakstri og fljótt og örugglega verði tekið á brotum.

# Að lokum

- Umhverfisyfirvöld vilja beita öllum tiltækum ráðum á sem flestum vígstöðvum til að koma í veg fyrir utanvegaakstur.
- Almenningur þarf að láta lögregluna vita þegar verið er að eyðileggja landið með akstri utan vega.
- Virðum náttúruna og göngum vel um okkar fallega og dýrmæta land.
- Allir geta lagt sitt af mörkum.


Takk fyrir